

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 39

Dags. 20.12.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 20.12.2012

39. fundur.

20. desember 2012 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

Guðrún Tryggvadóttir (tilkynnti forföll)

Hörður Þór Benónýsson

Snæfríður Njálisdóttir (varamaður í fjarveru Þórunnar Jónsdóttur)

Friðgeir Sigtryggsson (varamaður í fjarveru Árna Péturs Hilmarssonar)

1. Norðausturvegur um Skjálfafljót.

S20120603

Guðmundur Heiðreksson frá Vegagerðinni kemur á fund nefndarinnar og gerir grein fyrir stöðu mála varðandi hönnun og forsendur fyrir nýjum Norðausturvegi um Skjálfafljót.

Skipulags- og umhverfisnefnd fagnar því að verið sé að vinna að þessu verkefni á fullum krafti af hálfu Vegagerðarinnar og að skýrsla um framkvæmdina sé vættnanleg á vordögum.

2. Úlfsbær í Bárðardal. Stofnun lóðar.

S20121201

Erindi dags 17. desember 2012 frá Ingólfi Víði Ingólfssyni, Huldu E. Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Herbertsdóttur, Úlfsbær í Bárðardal, þar sem sótt er um að stofnuð verði sérstök frístundalóð, Stekkjarhóll, í landi Úlfsbæjar í Bárðardal samkvæmt meðfylgjandi hnitsettum lóðaruppdrætti frá Búgarði (GHG).

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.

3. Árteigur, Köldukinn. Umsókn um flutning á flugskýli.

S20120902

Tekið fyrir að nýju erindi dags 18. september 2012 frá Eiði Jónssyni, Árteigi, kt. 280957-5269, þar sem hann sækir um að flytja núverandi flugskýli á landi Árteigs á nýstofnaða lóð fyrir flugskýlið í landi Árteigs. Meðfylgjandi er ódagsettur uppdráttur af flugskýlinu frá verkfræðistofunni Möndli og hnitsett lóðar- og afstöðumynd frá Búgarði (GHG) dags 14. september 2012.

Erindið var grenndarkynnt frá og með 13. október til og með 11. desember 2012. Engar athugasemdir bárust við hinni grenndarkynntu tillögu.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

4. Brún Reykjadal. Bílageymsla.

S20121106

Tekið fyrir að nýju erindi dags 20. nóvember 2012 frá Erlingi Teitssyni og Sigurlaugu Svavarsdóttur, Brún Reykjadal þar sem þau sækja um heimild til að byggja tvöfalda bílageymslu

með geymsluplássi við norðurhlið íbúðarhússins á Brún skv. meðfylgjandi tillöguteikningum frá Arkitektúr og ráðgjöf ehf. (Bjarna Reykjalín, arkitekt.)

Erindið var grenndarkynnt frá og með 30. nóvember til og með 19. desember en þá barst skriflegt samþykki við hina fyrirhuguðu framkvæmd frá nágrönnum sem grenndarkynning náði til.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

5. Árbót, Aðaldal. Deiliskipulag frístundabyggðar.

S20121202

Erindi dags. 17. desember 2012 frá Vigfúsi Sigurðssyni f.h. Árbótarbús ehf. eiganda Árbótar í Aðaldal þar sem þess er farið á leit við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að landeiganda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag að stækkun frístundabyggðar innan landareignarinnar skv. Einnig er óskað eftir því að skipulagslýsing meðfylgjandi skipulagslýsing verði tekin til meðferðar. Snæfríður Njálisdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að landeiganda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af stækkun frístundasvæðisins. Nefndin leggur einnig til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og skipulagsfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

6. Fundaáætlun skipulags- og umhverfisnefndar janúar-júlí 2013.

Skipulagsfulltrúi leggur til eftirfarandi fundardaga skipulags- og umhverfisnefndar á tímabilinu janúar til júlí 2013:

17. janúar, 14. febrúar, 14. mars, 11. apríl, 15. maí (miðvikud.) og 20. júní.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir þessa fundardaga.

Fundi slitið.